



FJÖLSKYLDUSVIÐ
AKUREYRARBÆJAR

Glerárgötu 26, 600 Akureyri
fjolskyldusvid@akureyri.is

Dags. _____

Staðfesting móttöku

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

NAFN (SKAL VERA SAMA OG NAFN LEIGJANDA ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Á LEIGUSAMNINGI)	KENNITALA
LÖGHEIMILI (UMSÆKJANDI SKAL HAFA LÖGHEIMILI Í VIÐKOMANDI ÍBÚÐ)	HEIMASÍMI
AÐSETUR (EF ANNÆÐ EN LÖGHEIMILI, Á AÐEINS VIÐ NÁMSMENN)	FARSÍMI

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR LEGGST INN Á EFTIRFARANDI REIKNING			
BANKI – ÚTIBÚ	HÖFUÐBÓK	NÚMER REIKNINGS	NETFANG

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur og er aldrei veittur nema umsækjandi hafi áður fengið samþykktar almennar húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

Ég/við undirrituð 18 ára og eldri er búum í leiguíbúðinni veitum hér með fjölskyldusviði fullt og ótakmarkað umboð til þess að afla tilskilinna upplýsinga hjá Íbúðalánasjóði, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, LÍN, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Ég/við mun/um upplýsa fjölskyldusvið Akureyrarbæjar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum mínum/okkar og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning.

Undirskrift umsækjanda og annarra íbúa leiguhúsnæðis, 18 ára og eldri

Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala

SKILGREINING OG MARKMIÐ

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

UMSÓKN

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar annast móttöku og afgreiðslu umsókna. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af öllum heimilismönnum 18 ára og eldri. Umsóknarfrestur er til 20. þess mánaðar sem fyrst er greitt fyrir.

Við undirritun umsóknar veitir umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, fjölskyldusviði Akureyrarbæjar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum (sjá framhlið). Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKI UMSÓKNAR

Eftirfarandi eru skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning teljist gild og verði tekin til afgreiðslu:

1. Að umsækjandi hafi fengið samþykka umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
2. Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um.
3. Að samningur, eða tilboð um samning, liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í sveitarfélaginu.
4. Að félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 5. gr. Að öllu jöfnu skal miða við að umsækjandi fái 6 stig þar af að lágmarki 2 stig hvað varðar félagslegar aðstæður. Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki.
5. Að samlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18. ára og eldri, séu undir efri mörkum skv. viðmiðum 8. gr.
6. Að samlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári séu ekki hærri en 5.126.000 kr.

UPPLÝSINGASKYLDA UMSÆKJANDA

Umsækjandi skal upplýsa fjölskyldusvið um breytingar sem verða á aðstæðum hans og sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur.